



Hugsanleg lotubundin setmyndun í gíg á Arabia Terra

„Lotbundin setmyndun“ vísar til þess að endurteknar sveiflur hafi orðið í magni sets sem í boði var til að ný setlög gætu myndast. Þessar sveiflur má rekja til breytinga á loftslagi svæðisins yfir langan tíma, á milljónum eða nokkur hundruð milljónum ára. Hugsanlega hefur breytilegur möndulhalli reikistjörnunnar einnig sitt að segja um lotubundna setmyndun.